Ed. **335. Tillaga til þingsályktunar** **[134. mál]**

um endurskoðun lagaákvæða um löggæzlu á skemmtisamkomum og þjóðvegum.

Frá allsherjarnefnd.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram hið bráðasta endurskoðun á ákvæðum laga um lögreglumenn, áfengislaga og annarra laga um löggæzlu á skemmtisamkomum, einkum í héruðum, sem hafa ekki föstu lögregluliði á að skipa, svo og löggæzlu á þjóðvegum, í því skyni, að henni verði komið í betra horf.

Greinargerð.

Víða um land, þar sem ekki er fast lögreglulið, hefur þráfaldlega komið í ljós, að erfiðlega gengur að halda uppi reglu á skemmtisamkomum. Er það á allra vitorði, að mjög ber á ölvun á slíkum mannfundum, og hljótast stundum af truflanir og vandræði. Í 10. gr. laga um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940, eru heimildarákvæði um löggildingu lögreglumanna til þess að halda uppi reglu á mannfundum og samkomum innanhéraðs. Á ýmsum stöðum hefur ákvæðum þessum verið beitt, en með mismunandi hætti. Tvær reglugerðir hafa verið settar um framkvæmd þessara mála í tveim lögsagnarumdæmum, og eru þær nokkuð ósamhljóða. Heppilegast mundi vera að áliti flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu, að reglur þessar verði samræmdar, löggjöf um þessi efni verði nokkru fyllri en nú á sér stað og reglur, sem settar yrðu samkvæmt lögunum, gildi hvarvetna um land, þar sem þær eiga við. Mismunandi reglur í þessum efnum valda óánægju og auka erfiðleika um framkvæmd löggæzlunnar.

Kunnara er en frá þurfi að segja, að bifreiðaumferð á þjóðvegum að sumarlagi eykst með hverju ári, sem líður. Ýmsir telja, að misbrestur sé á því, að umferðarlög og bifreiðalög séu haldin sem skyldi á vegum úti, en slíkt veldur að sjálfsögðu aukinni slysahættu, sem nauðsyn ber til að koma í veg fyrir svo sem unnt er. Lögregluefirlit með umferð á þjóðvegum er hins vegar af mjög skornum skammti. Telja flutningsmenn þessa máls, að brýn þörf sé á að auka þetta eftirlit, sé þess nokkur kostur, og setja um það víðtækari reglur en þær, sem nú er til að dreifa.